

Kröfugerð Rafiðnaðarsambands Íslands í almennum kjarasamningum nóvember 2022, aðrar en launaliðurinn.

Gildistími kjarasamnings

- Nýr kjarasamningur gildi frá lokum þess sem rennur út þann 1. nóvember 2022

Launatafla, yfirvinnuákvæði og útköll

- Launatafla RSÍ-SART verði leiðrétt og uppfærð
- Einingaverð í ákvæðisvinnu verði leiðrétt í samræmi við þróun markaðslauna á undanförunum árum
- Starfsaldurshækkunar komi inn eftir ákveðinn starfsaldur hjá fyrirtæki eða í starfsgrein
- Yfirvinnuálag verði greidd sem 1,15% fyrir alla yfirvinnu (84% álag á dagvinnukaup viðkomandi)
- Breyta þarf ákvæði um útkall:
 - „Sé starfsmaður kallaður til vinnu frá heimili sínu eftir að venjulegum vinnudegi er lokið“ yfir í “ Sé starfsmaður kallaður til vinnu eftir að venjulegum vinnudegi er lokið“
- Lágmarkslaun sjálfstætt starfandi

Vinnutími og orlof

- Vinnuvikan verði 32 virkar vinnustundir
 - Yfirfara þarf ákvæði um vinnutíma til einföldunar til hagsbóta fyrir launafólk
- Lágmarksorlof verði 30 dagar á ári
- Aðfangadagur sem og gamlársdagur verði frídagar launamanna.
- Rauðir dagar sem lenda á helgi færast yfir á næsta virka dag
- Breyta yfirvinnu í frí, skýra ákvæði m.t.t. yfirvinnuálags
- Skýra þarf ákvæði er snúa að rauðri veðurviðvörðun og greiðslu launa í slíkum tilvikum – starfsfólk haldi fullum launum

Vaktavinna

- Vaktavinnukafla verði uppfærður
 - vinnutímastytting verði tryggð fyrir fólk í vaktavinnu
 - Virkar vinnustundir verði 80% af vinnutíma dagvinnu
 - Vaktahvatinn komi inn í kjarasamning
 - Lágmarkslengd vakta verði skilgreind

Veikindaréttur og ýmis ákvæði

- Veikindi barna miðist við 18 ára aldur
- Yfirfara ákvæði um fjarvinnu, heimavinnu þar sem farið verði yfir greiðslur sem og aðbúnað og hollustuhætti
- Ónæði vegna síma
 - skilgreina upphæð greiðslna
- Ferðatími til vinnu – vinna innan svæðis
- Ferðir erlendis og greiðslur vegna ferðatíma
- Greiðsla dagpeninga vegna ferða innanlands fari fram áður en lagt er af stað í ferð (verði greiddir fyrirfram)

- Veikindaréttur í vinnuslysum, að byrjað verði á slysaréttinum áður en veikindaréttur er tekinn
- Yfirfara þarf ákvæði um trúnaðarmenn með tilliti til fámennarari svæða/verkefna og samstarfs þvert á félög
- Yfirfara þarf heildartexta kjarasamnings og gefa út uppfært skjal

Sérkjara- og 5. kafla samningar

Félagsmenn RSÍ sem starfa á kaupskipum krefjast þess að gerður sé sérkjarasamningur fyrir þeirra hönd.

Félagsmenn RSÍ sem starfa hjá PCC á Bakka krefjast þess að gerður sé sérkjarasamningur fyrir þeirra hönd.

Jafnframt gera félagsmenn RSÍ kröfu um að gerður verði eða uppfærðir samningar vegna eftirtalinna fyrirtækja.

- ISAVIA
- RÚV
- Marel
- Ístak

Komi fram sameiginleg málefni frá aðildarfélögum ASÍ þá mun RSÍ upplýsa um þátttöku í slíkum kröfum.

Rafiðnaðarmenn áskilja sér rétt til þess að breyta og eða bæta við kröfum eftir því hvernig samningaviðræður þróast.

Fyrir hönd rafiðnaðarmanna,
Kristján Þórður Snæbjarnarson